

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 20/1961 fyrir Verzlunarbanka Íslands hf. með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Við reglugerðina bætist nýr kafli, III. kafli, og færast aðrir kaflar hennar og ákvæði þeirra til samræmis við það, þannig að III.–V. kafli verða IV.–VI. kafli og 32.–52. gr. verða 37.–57. gr. Hinn nýi kafli er svohljóðandi:

### III. KAFLI

#### Veðdeild.

#### 32. gr.

Veðdeild Verzlunarbanka Íslands hf. starfar sem fjárhagslega sjálfstæð deild undir sömu stjórn og Verzlunarbankinn. Eignum og skuldum veðdeildarinnar svo og reikningshaldi öllu skal haldið aðskildu frá öðrum deildum bankans. Endurskoðendur bankans annast endurskoðun veðdeildarinnar.

#### 33. gr.

Úr veðdeildinni er heimilt að veita lán með veði í fasteign. Bankastjórn ákveður fjárhæð veittra lána svo og lánskjör. Hvert einstakt lán má ekki vera hærra en 50% af virðingarverði fasteingar þeirrar, sem trygging er tekin í, að viðbættum áhvílandi veðskuldum.

#### 34. gr.

Til fjáröflunar fyrir veðdeildina er Verzlunarbankanum heimilt að gefa út skuldabréf er hljóða á nafn. Bankastjórn ákveður fjárhæð bréfanna og aðra skilmála að höfðu samráði við bankaráð. Einnig er Verzlunarbankanum heimilt að gefa út skuldabréf (bankavaxtabréf) fyrir veðdeildina er hljóði á handhafa. Ráðherra ákveður fjárhæð þeirra bréfa og aðra skilmála að fengnum tillögum bankaráðs og bankastjórnar.

#### 35. gr.

Um veðdeildina fer að öðru leyti eftir ákvæðum reglugerðar þessarar.

#### 36. gr.

Verzlunarbanki Íslands hf. ber fulla ábyrgð á öllum skuldbindingum veðdeildarinnar.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 46/1960, sbr. lög nr. 93/1973 um breyting á þeim lögum, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 16. apríl 1984.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Björn Línal.*